

Skólaráð Heiðarskóla

Fundargerð 23. mars 2021

Mættir: Kolbrún Saga Þórmundsdóttir, Rakel Rán Unnarsdóttir, Bryndís Jóna Magnúsdóttir, Íris Ástþórsdóttir, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir.

Forföll: Klemenz Sæmundsson, Ingunn Rós Valdimarsdóttir, Margrét Eðvaldsdóttir.

Fundarritari: Lóa Björg Gestsdóttir

Dagskrá fundarins

- Skóladagatal 2021 – 2022
- Kynning á helstu niðurstöður úr mælingum skólaársins
- Stöðuskýrsla vegna ytra mats
- Vinnustaðagreining, helstu niðurstöður Heiðarskóla
- Skólastarfið

Skóladagatal 2021 – 2022

Skólastjóri fór yfir skóladagatalið fyrir árið 2021 – 2022. Búið var að fara yfir skóladagatalið með starfsmönnum og þar var kosið um þau atriði sem starfsfólk og/eða kennarar voru ekki sammála um. Niðurstaðan kynnt fundarmönnum. Skóladagatalið fyrir skólaárið 2021 – 2022 var samþykkt.

Mælingar skólaársins

Aðstoðarskólastjóri fór yfir helstu niðurstöður úr mælingum skólaársins, þá sérstaklega úr könnunum Skólapúlsins og lesfimi niðurstöðum frá Menntamálastofnun.

Stöðuskýrsla ytra mats

Skólastjóri fór yfir stöðuskýrslu ytra mats Menntamálastofnunar. Ytra mat fór fram árið 2018 og unnið hefur verið að umbótum á ákveðnum þáttum. Menntamálastofnun samþykkti stöðuskýrsluna.

Vinnustaðagreining

Skólastjóri sagði frá niðurstöðum úr vinnustaðagreiningu sem lögð var fyrir starfsfólk Reykjanesbæjar og þar með talið Heiðarskóla. Niðurstöður voru almennt mjög góðar fyrir Heiðarskóla og skýrt að starfsfólk er mjög ánægt í starfi og ber mikla virðingu fyrir starfi sínu. Starfsandi er góður og það ríkir traust á vinnustaðnum okkar.

Skólastarfið

Skólaárið hefur gengið mjög vel þótt það hafi einkennst af takmörkunum vegna Covid. Jólahátíð, öskudagur og árshátíð voru með öðrum hætti en við náðum að hafa dagskrá fyrir nemendur þessa daga.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 14:50